STJÓRNARTÍÐINDI B 110 – 2003

22. september 2003 2123 Nr. 694

REGLUGERÐ

um verndun hrygningar steinbíts á Látragrunni.

1. gr.

Frá og með 1. október 2003 til og með 31. janúar 2004 eru allar veiðar bannaðar á svæði á Látragrunni, sem markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 65° 03′00 N – 26° 10′00 V
2. 65° 17′00 N – 26° 10′00 V
3. 65° 17′00 N – 25° 50′00 V
4. 65° 11′00 N – 25° 42′00 V
5. 65° 03′00 N – 25° 50′00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. september 2003.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

Gutenberg